

Persónuverndarstefna Tónlistarskóla Eyjafjarðar

1. Almennt

Tónlistarskóli Eyjafjarðar, kt. 560988-1929, Skólatröð 1, 605 Akureyri (einnig vísað til *Tónlistarskólans*), hefur sett sér að tryggja friðhelgi einstaklinga og tekur persónuvernd alvarlega. Tónlistarskólinn leggur ríka áherslu á að meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi persónuverndarlöggjöf.

Í persónuverndarstefnu Tónlistarskóla Eyjafjarðar kemur fram hvaða persónuupplýsingum skólinn safnar um einstaklinga vegna starfsemi sinnar og í hvaða tilgangi og hverjir aðrir fá aðgang að upplýsingunum og hvernig Tónlistarskólinn notar upplýsingarnar og geymir þær, hvaða réttinda einstaklingar njóta og fleiri mikilvægar upplýsingar sem tengjast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Tónlistarskólinn kemur fram sem ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með, þeirra gagna sem skráð eru, varðveitt eða eytt.

2. Hvað er vinnsla persónuupplýsinga og hvaða upplýsingum er safnað?

Í starfsemi Tónlistarskóla Eyjafjarðar er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar nemenda- og starfsmanna hópsins. Þær persónuupplýsingar sem Tónlistarskólinn hefur undir höndum geta verið um starfsmenn, viðsemjendur, nemendur, aðstandendur nemenda og aðra þriðju aðila sem nauðsynlegt er að eiga samskipti við.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar safnar ólíkum persónuupplýsingum um mismunandi hópa einstaklinga eftir því hvaða starfsemi skólans er um að ræða. Undir öllum kringumstæðum leitast Tónlistarskólinn við að safna einungis þeim persónuupplýsingum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar.

Persónuupplýsingar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling þ.e.a.s. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

Tónlistarskólinn safnar nauðsynlegum upplýsingum um starfsfólk, til dæmis upplýsingum um nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, viðveru, laun og fleira. Tónlistarskólinn safnar og varðveitir persónuupplýsingar nemenda, foreldra og forráðamanna ef við á og eftir atvikum systkina nemenda. Þau gögn sem varða nemendur geta verið nafn, kennitala, heimilisfang, upplýsingar úr námsmati, bekkjarlisti og stundatöflur, upplýsingar um greiningar (hafi þær borist frá heimili nemanda) og mætingar.

Tónlistarskólinn vinnur upplýsingar um foreldra/forráðamenn eins og nafn, kennitala, netfang, sími, heimilisfang, greiðslustaða skólagjalda. Einnig eru upplýsingar um systkini til að hægt sé að veita systkinaafslátt eða skapa á auðveldan hátt hagræðingar í t.d. stundatöflu eða niðurröðun á tónleika.

Þær upplýsingar sem Tónlistarskólinn vinnur með koma að mestu beint frá foreldrum/forráðamönnum, greiðendum skólagjalda og nemendunum sjálfum. Starfsfólk Tónlistarskólans skráir einnig upplýsingar um nemendur sem eru nauðsynlegar fyrir skólastarfið eins og námsáætlanir, markmiðasetningar og námsmat og upplýsingar um leiguhljóðfæri og mætingu nemanda.

Veiti nemandi, foreldrar eða forráðamenn ekki nauðsynlegar upplýsingar við skráningu barns í tónlistarnámi kann það að leiða til þess að Tónlistarskólinn geti ekki veitt fullnægjandi þjónustu á grundvelli sammings um nám við skólann. Vinnsla Tónlistarskólans á upplýsingum vegna skipulagningar skólastarfs byggir á lögmatum hagsmunum Tónlistarskólans.

Tónlistarskólinn skuldbindur sig til að öll vinnsla á persónuupplýsingum sé lögleg, sanngjörn og gagnsæ. Vinnsla skal í öllum tilvikum vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

3. Miðlun til þriðju aðila

Tónlistarskóli Eyjafjarðar kann að miðla upplýsingum til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga rekstrarsamlags Tónlistarskólans; Hörgársveitar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps. Miðlun upplýsinganna kann að vera vegna útgáfu reikninga og bókhalds, tölulegar upplýsingar um nemendur úr sveitarfélagi og vegna annarra upplýsingamála. Í þeim tilfellum eru viðkomandi sveitarfélag og Tónlistarskólinn sameiginlegir ábyrgðaraðilar.

Tónlistarskólinn miðlar persónuupplýsingum til þriðju aðila sem ráðnir eru til að vinna fyrirfram ákveðna vinnu, svo sem þjónustuveitenda, umboðsmanna eða verktaka. Í þeim tilfellum gerir Tónlistarskólinn vinnslusamning við viðkomandi aðila. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að fylgja fyrirmælum frá Tónlistarskólanum um meðferð persónuupplýsinga og er honum óheimilt að nota þær í öðrum tilgangi. Jafnframt ber honum skylda til að tryggja öryggi upplýsinganna með viðeigandi hætti.

Persónugreinanlegum upplýsingum getur verið miðlað til þriðja aðila á grundvelli laga eins og vegna Barnaverndar og lögreglu eða til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

4. Hvernig er öryggi upplýsinga tryggt og hve lengi eru upplýsingar geymdar?

Tónlistarskóli Eyjafjarðar geymir persónuupplýsingar einungis í þann tíma sem nauðsynlegt er fyrir Tónlistarskólann að hafa þær undir höndum. Viðeigandi tæknilegar og skipulegar ráðstafanir eru gerðar til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra; til að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritum, notkun eða miðlun.

Markmið Tónlistarskóla Eyjafjarðar eru að persónuupplýsingar séu réttar og aðgengilegar einungis þeim sem aðgangsheimild hafa. Leynd persónuupplýsinga og trúnaði sé viðhaldið í samræmi við lög og að þær upplýsingar sem fara um kerfi Tónlistarskólans komist til réttis viðtakanda, óbreyttar og á réttum tíma. Tónlistarskólinn skuldbindur sig einnig til að fylgja öllum samningum er varða meðferð persónuupplýsinga og tilkynna og rannsaka frávik og brot þegar kemur að upplýsingaöryggi ásamt því að vinna að stöðugum umbótum.

Starfsmenn Tónlistarskólans fá reglulega þjálfun og fræðslu varðandi öryggi persónuupplýsinga og um þá ábyrgð sem á þeim hvílir, allir starfsmenn þurfa að vinna samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og ber að tilkynna um þá veikleika er varða upplýsingaöryggi. Skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar er ábyrgur fyrir framkvæmd persónuverndarstefnunnar.

Tónlistarskólar eru afhendingarskyldir til Þjóðskjalasafns/Héraðsskjalasafns á grundvelli laga nr.77/2014 um opinber skjalasöfn. Því er Tónlistarskóla Eyjafjarðar óheimilt að eyða nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna nema með heimild skjalavarðar.

5. Réttindi nemenda og foreldra/forráðamanna

Hafi einstaklingur veitt samþykki sitt fyrir vinnslu tiltekinna persónuupplýsinga átt hann rétt á, samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, að afturkalla samþykki sitt hvenær sem er. Sá réttur hefur þó ekki áhrif á lögmæti þeirrar vinnslu sem fram fór áður en samþykkið var afturkallað.

Þá nýtur einstaklingurinn einnig annarra réttinda, svo sem réttar til aðgangs að sínum gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með

persónuupplýsingar og réttar til að flytja eigin gögn.

Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum t.d. ef lög skylda Tónlistarskólann til að hafna ósk um aðgang að gögnum eða vegna réttinda annara.

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 5.gr. í stefnu þessari þá vinsamlegast hafðu samband við skólastjóra Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Ef þú ert ósátt/ur við vinnslu Tónlistarskólans á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is)

6. Samskiptaupplýsingar Tónlistarskóla Eyjafjarðar

Nafn: Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Heimilisfang: Skólatröð 1, 605 Akureyri

Netfang: te@krummi.is

sími: 464 8110

Skólastjóri: Guðlaugur Viktorsson

Tónlistarskólinn getur breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig Tónlistarskólinn vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á stefnu þessari verður slíkt kynnt nemendum, foreldrum og forráðamönnum á sannanlegan hátt. Allar breytingar sem kunna að vera gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur fengið samþykkt skólanefndar Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Hrafnagili 31. maí 2023